

Ár 1998, mánudaginn 29. júní var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Magnúsi Óskarssyni, Margréti Guðmundsdóttur og Þorsteini Júlíusssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákvarða laun umboðsmanns barna sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 83 frá 19. maí 1994 um umboðsmann barna.

I.

Frá 1. apríl 1998 skulu laun umboðsmanns barna vera kr. 260.100 á mánuði og er þá tekið tillit til þess að um tímabundna skipun í starf er að ræða.

II.


Auk framangreindra launa skal umboðsmaður barna fá fasta mánaðarlega greiðslu fyrir yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma sem svarar til 30 klukkustunda á mánuði. Ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða nema Kjaradómur úrskurði það sérstaklega sbr. 6. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

III.


Um önnur kjör gilda ákvæði úrskurðar Kjaradóms frá 18. júlí 1997, eftir því sem við eiga.



Garðar Garðarsson
formaður




Jón Sveinsson



Magnús Óskarsson



Margrét Guðmundsdóttir



Þorsteinn Júlíusson